

Mosfellsbær  
b/t Lára Gunnarsdóttir  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 26. ágúst 2019  
UST201908-160/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing – Deiliskipulag – Mosfellsbær - Dalsgarður**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 20. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Dalsgarð í Mosfellsbæ.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að markmið skipulagsins sér að skýra lóðarmörk, skipuleggja og móta fallega byggð, móta umferðartengingar, setja fram skilmála fyrir hæð húsa, skýra landnotkun og nýtingarhlutfall.

#### **Bakkagróður**

Umhverfisstofnun telur að bakkar Suðurár/ Norðurreykjaá séu raskaðir að hluta og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verið farnar til að varðveita ána og endurheimta bakkagróður. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólþ nr. 798/1999.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur